

## ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 15. júní 2021



Pöbballífið er vaknað í London.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Allt á uppleið

elin@frettabladid.is

Bretar finna nú fyrir að efnahagurinn er að glæðast á ný með opnun samfélagsins. Breska hagkerfið óx í fyrsta sinn í apríl síðastliðnum síðan heimsfaraldur hófst. Verslanir og krár hafa opnað dyrnar á ný og mesta aukningin er í þjónustugeiranum á meðan byggingaiðnaður og fleiri iðngreinar hafa dregist saman. Hagkerfið er þó enn um 3,7% undir þeim mörkum sem voru fyrir heimsfaraldur.

Aftur á móti er sænska hagkerfið komið á sama stig og fyrir kreppu. Norska hagkerfið er sömuleiðis á uppleið og jókst veltan um 0,3% í apríl. Efnahagsþróun er mæld með vergri landsframleiðslu. Oliuframleiðsla er ekki tekin með í þessa mælingu.

**Atvinnuleysi meðal yngra fólks**  
Norska hagstofan bendir á að hagkerfið einkennist enn af heimsfaraldrinum og ströngum smitvörnum. Í sumum landshlutum hefur verið létt á samgöngutakmörkunum. Umsvif í smásöluverslun hefur verið að aukast en enn eru erfiðleikar í rekstri hótela og veitingastaða. Rætt er um að vaxtahækkunar gætu orðið með haustinu í Noregi sem myndu hafa áhrif á verðbólgu. Norðmenn vonast þó eftir að hagvöxtur verði orðinn eðlilegur á ný í lok þessa árs. Reyndar sluppu Norðmenn vel við efnahagsleg áhrif faraldursins en engu að síður jókst atvinnuleysi mikið, sérstaklega meðal yngra fólks og láglaunahópa. ■



Dr. Guðrún Marteinsdóttir ákvað að búa til sína eigin húðvörulínu þegar húð hennar þoldi engar húð- og snyrtivörur á markaðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sýnum viðskiptavinum virðingu og segjum þeim alltaf satt

Guðrún Marteinsdóttir prófessor í fiskalíffræði er nú stödd í miðju Öskubuskuævintýri en húðvörumerki hennar Tamarar vinnur ítrekað til verðlauna og slær nú í gegn á heimsvísu.

„Í mínum huga er það Tamarar og svo allt hitt. Það er engin snyrti- eða húðvara í heiminum sem kemst nálægt Tamarar. Við erum svo sannarlega sérstök því Tamarar notar eingöngu náttúruleg efni sem hafa afgerandi áhrif á húðina og er þar að auki í takt við bylgju vitundarvakningar sem nú er í heiminum, þar sem æ fleiri verða meðvitaðri um slæm innihalds- og eiturefni í matvælum og

snyrtivörum sem þeir nota dagsdaglega,“ segir Viðar Garðarsson, markaðsstjóri Tamarar.

Upphaf Tamarar má rekja til óþols dr. Guðrúnar Marteinsdóttur, prófessors í fiskavistfræði, á hvers kyns snyrti- og húðvörum, en Rúna, eins og hún er alltaf kölluð, þoldi ekkert af þeim vörum sem í boði voru.

„Upplegg Rúnu hjá Tamarar er að við segjum alltaf satt og full-

yrðum ekkert nema að geta staðið við það, og það vinnur sannarlega með okkur. Rúna á sér engan líka, en það vita ekki margir hver hún er. Hún er einstakur kvenfrumkvöðull sem er að gera hluti sem enginn annar í heiminum hefur uppgötvað fyrr og það er gjörsamlega að slá í gegn,“ segir Viðar.

**Bylting í snyrtivöruheiminum**  
Viðar hefur starfað lengi við sölu-

og markaðsmál en segist aldrei hafa upplifað þvílíkar viðtökur og nú með Tamarar.

„Það er nánast sama í hvaða keppni við förum með Tamarar; vörurnar vinna alltaf til verðlauna, og það er mjög óvenjuleg og sérstök staða. Ég segi gjarnan við Rúnu að við séum alltof feimin, því það er eins og allur heimurinn sé að uppgötva að eitthvað mjög einstakt sé að eiga sér stað í snyrtivöru-

heiminum á Íslandi. Framleiðsla Tamar er allt öðruvísi en tíðkast í snyrtivöruíðnaðinum, enda byggð á þróun matvæla frekar en efnafræðilegum aðferðum sem er vanalega raunin. Mín upplifun er sú að heimurinn sé að uppgötva eitthvað alveg nýtt og erlendis er bæði skrifað og fjallað af miklum áhuga, undrun og aðdáun um það sem Rúna hefur áorkað, og þar er talað um að uppfinning hennar eigi eftir að breyta framleiðslu snyrtivara til framtíðar á heimsvísu,” greinir Viðar frá.

„Það er auðvitað ótrúlega gaman að taka þátt í þessu ævintýri og finna þessa jákvæðu strauma streyma inn í Tamar. Við höfum lengi verið lítið sprotafyrirtæki í háskólasamfélaginu en erum nú að taka fyrstu skrefin á erlendum markaði og fáum að launum stórkostleg viðbrögð sem er auðvitað gríðargaman og ánægjulegt.“

### Samfelld sigurganga Tamar

Velgengi Tamar erlendis hefur farið eins og stormsveipur um heiminn og á innan við ári hafa vörur Tamar hlotið tólf verðlaun í virtum keppnum um bestu snyrti- og húðvörurnar.

„Meðal annars var Tamar valið besta snyrtivöruverkið á Norðurlöndunum og þakkingarnar hafa líka fengið verðlaun fyrir að vera vandaðar og skemmtilegar. Við erum einnig með TARAKIDS-línuna fyrir börn og verðandi mæður, sérstaklega hannaðar til að auka teygjanleika húðarinnar og krem fyrir sára húð og bruna á bleiðsvæðinu. Það er afleiða af öðru kremi sem við bjuggum til fyrir mörgum árum fyrir þá sem hafa brunnið í sól og í krabbameinsmeðferðum, og hefur gefið mjög góðan árangur. Við sendum TARAKIDS í Toddlers Awards-keppnina og unnum þar strax til verðlauna og það er alveg sama hvað; ef við sendum vöru til keppni lendum við í toppsætunum einn, tveir og þingó, sem er ótrúlega skemmtilegt,” segir Viðar kátur.

Nú er Tamar komin í úrslit í tveimur keppnum til viðbótar: Free From Skincare Awards og Nordic Natural Beauty Awards.

„Í aðdraganda Nordic Natural Beauty Awards sendum við fimmtíu eintök af hverri vöru út og keppnin úti sendir þær áfram



Dr. Kristberg Kristbergsson, prófessor og annar stofnenda Tamar, hér að undirbúa prufukeyrslu á lífvirku Iceblu-kremi í Sandgerði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Í raun hefur mjög fáum í heiminum tekist að sameina þetta tvennt; hreina og náttúrulega húðvöru með jafn ótrúlegri virkni, en það er einmitt það sem Tamar gerir.**

Viðar Garðarsson.

til frægra áhrifavalda sem prófa vöruna og leggja á hana dóm. Því er nú fullt af fólki um veröld víða að prófa Tamar og við trúum vart hvaða viðbrögð við fáum; þetta er svolítið eins og að vera lentur í Öskubuskuævintýri,” segir Viðar og hlær.

Hann segir Rúnu og Tamar-teymið alltaf hafa vitað að þau væru með framúrskarandi húðvörur, og sem neytendur myndu staðfesta við notkun þeirra.

„En það hefur tekið tíma hér

heima því markaður fyrir snyrti- og húðvörur kvenna er mjög þéttur hér á landi. Það er mikið framboð af misgóðum vörum og sökum þess að hér er lítið regluverk í kringum snyrtivörur komast framleiðendur upp með að fullyrða ýmislegt um vörur sínar en þurfa aldrei að standa við þær fullyrðingar,” segir Viðar og heldur áfram:

„Vörurnar frá Tamar fara til óháðra og viðurkenndra rannsóknaraðila í Frakklandi og Kanada þar sem virkni þeirra og hreinleiki er staðfest. Svo sjáum við önnur snyrtivörufrýrtæki slá um sig með prósentum og könnunum, án þess að segja frá því hvar kannanirnar eru gerðar. Það bendir til þess

Augnkremið Day Treatment frá Tamar endurræsir húðina og dregur fljótt úr baugum og augnfellingum.



Viðar Garðarsson með Elizu Reid, forsetafrú Íslands.

MYND/ADSEND

að þær séu gerðar af fyrirtækjunum sjálfum en ekki óháðum og viðurkenndum rannsóknarstofum, og fólk gleypir við því. Íslenski markaðurinn er því enn að uppgötva hversu ótrúlega merkileg vara Tamar er, á meðan snyrtivöruheimurinn ytra hefur strax kveikt á því. Við breyttum því um aðferðafræði hér heima og höfum boðið góð tilboð á vörunum okkar, sem hefur sín áhrif. Fólk kemur aftur og aftur því það finnur mjög fljótt mun á sér eftir að það byrjar að nota Tamar.“

### Húðfrumurnar endurræstar

Innihaldsefni snyrti- og húðvara geta verið flókin lesning fyrir neytendur að skilja.

„Markmið okkar hjá Tamar er að vera eins hrein og mögulegt er. Þar erum við í sérflökki og að baki þrjátíu ára vísindastarf hjónanna Rúnu og Kristbergs Kristbergs-

sonar, sem bæði eru prófessorar við Háskóla Íslands. Það er staðreynd innan snyrti- og húðvöruframboðs heimsins að vörur með virkum innihaldsefnum eru í flestum tilvikum búnar til úr alls kyns gerviefnum, á meðan náttúrulegar vörur innihalda sjaldnast mjög virk innihaldsefni. Í raun hefur mjög fáum í heiminum tekist að sameina þetta tvennt, en það er einmitt það sem Tamar gerir. Við bjóðum í einu og öllu náttúrulegar vörur, erum kaþólskari en páfinn um það sem fer í vörurnar og náum samt að gera þær svona ótrúlega virkar,” segir Viðar.

Dagkremið frá Tamar er beinlínis hannað til að endurræsa orkukerfi húðfruma.

„Með dagkreminu er húðfrumunum sparkað af stað til að endurnýja sig hraðar og vinna í að hreinsa húðina. Öll sú þróunarvinna hefur farið fram á rannsóknarstofum Háskóla Íslands í árafjöld en nú er þetta allt í einu að springa út. Margir hafa samband og vilja

dreifa vörunum ytra, en við viljum fara rólega af stað og vanda skrefin út í heim með því að velja samstarfsaðila okkar vandlega,” segir Viðar. ■

Nú eru tilboð í gangi þar sem frítt dagkrem fylgir hverju augnkremi á tamar.is og í Hagkaup, Íslandsapóteki og Lyfjaveri. Hagkaupsbúðir sem eru með TARAMAR eru í Smáralind, Kringlunni, Garðabæ og Akureyri. Sjá tamar.is.




# Augnfellingar, baugar og þroti minnka hratt

ICEBLU er ný húðvöruhlína á teiknborðinu hjá Tamar. Hún byggir á heiðbláum andoxandi efnum úr örþörungnum spirulínu.

Mikill kraftur er í rannsóknum og þróun hjá íslenska snyrti- og húðvöruframleiðandanum Tamar sem kom með sína fyrstu húðvöruhlínu á markað árið 2015. Í dag eru húðlínurnar orðnar tvær, Tamar Beauty og TaraKids. Nú er verið að þróa tvær línur til viðbótar hjá Tamar, en önnur er Iceblu sem byggir á afar merkilegum heiðbláum andoxandi efnum úr spirulínu og er unnin í samstarfi við VAXA Life á Hellið. ■

„Tamar Seeds, móðurfrýrtæki Tamar, fékk á dögnum styrk úr Lóu-sjóðnum til að halda áfram þróun á Iceblu-línunni og vonumst við til að vera komin með fyrstu vöru í prófanir í haust,” segir dr. Guðrún Marteinsdóttir (Rúna), prófessor við Háskóla Íslands, og frumkvöðull að baki íslensku Tamar-húðvaranna sem nú eru að slá í gegn um allan heim.



Ísblátt Iceblu-serum er nú á rannsóknarstigi hjá Tamar. MYND/ADSEND

Rúna bendir þeim sem vilja taka þátt í prófunum á Iceblu að skrá sig í Vildarklúbb Tamar, en á tamar.is verður auglýst eftir þátttakendum í prófanirnar hjá Vildarklúbbnum.

„Í nýju Iceblu-línunni, eins og öllum Tamar-vörunum okkar,

beinum við fyrst og fremst sjónum að hreinleika og lífvirkni. Þannig verða Iceblu-vörurnar unnar með NoTox®-tækni sem var þróuð af vísindateymi Tamar og innihalda engin efni sem ekki má leggja sér til munns,” greinir Rúna frá.

Hvað lífvirkni varðar rannsaka Rúna og vísindateymi Tamar nú hvernig hafa má jákvæð áhrif á allan líkamann með heilsusamlegum húðvörum.

„Við nýtum okkur langtímarannsóknir dr. Kristbergs Kristbergssonar, prófessors og annars stofnanda Tamar, og samstarfsaðila hans á náttúrulegum ferjum, svo sem liposómum og fitukúlum (e. solid lipid particles) sem aðstoða við að ferja lífvirku efnin inn í dýpri lög húðarinnar. Þessar náttúrulegu ferjur hefja vörurnar okkar upp á æðra svið og valda því að jákvæð áhrif lífvirkinnar á húðina eru sjáanleg með berum augum og í sumum tilfellum geta þau gerst nokkuð hratt þannig að fyrstu breytingar sjást á fjórum til átta dögum,” upplýsir Rúna.

**Nýtt augnkrem sem framkallar jákvæðar breytingar á augnsvæði** Rannsóknir á náttúrulegum efnum sem hafa getu til að þetta húðina gáfu af sér formúluna Eye Treatment sem nú er hluti af vöruhlínu Tamar.

„Í augnkreminu Eye Treatment eru efni úr alparós, þrenningarfjólum, þangi og sjávarörverum notuð til að vinna með signa og lítaða húð. Eftir nokkrar vikur kemur árangur í ljós og munur sést á stærð og slappleika augnfellinga sem myndast oft með aldrinum fyrir ofan augun,” vitnar Rúna um.

Lífvirku efnin í Eye Treatment valda því að augnfellingarnar dragast saman og sé kremið notað reglulega í dálitinn tíma má sjá hvernig augnlokin koma aftur í ljós undan fellingunum.

„Augnkremið hefur einnig góð áhrif á bauga og mislitun fyrir neðan augun, sérstaklega ef baugarnir stafa af leka á gallrauða (e. bilirubin) úr fingerðu æðnunum fyrir neðan augun, en það svæði getur orðið dimmblátt af gallrauða. Í mörgum tilvikum vinnur Eye Treatment einnig vel á þrota,” útskýrir Rúna.

Þess má geta að Eye Treatment hefur þegar unnið alþjóðleg gullverðlaun hjá Global Makeup Awards og er nú komið í úrslit hjá Natural Nordic Beauty Awards. ■